

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 6. Desember 2012, kl. 14:20 í Borgartúni 30.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru Margrét Tryggvadóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

1. Framkvæmd greinar 1.5.3 í kjarasamningi gagnvart þeim forstöðumönnum sem fluttust frá ríki til sveitarfélaga við flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.

Framkvæmd sveitarfélaga á ákvæði 1.5.3 í kjarasamningi hefur verið með ýmsu móti. Sum sveitarfélög hafa ákveðið forstöðumönnum sínum sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum önnur ekki. Þá hefur gildistími slíkra ákvarðana verið óljós. Að þessu tilefni eru aðilar sammálu um eftirfarandi bókun:

Við flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga giltu ákvæði laga nr. 72/2002 um réttarstöðu stafsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. lagana skal framsalshafi virða launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi þar til kjarasamningi er sagt upp, rennur út eða annar kjarasamningur öðlast gildi. Samband íslenskra sveitarfélaga gerði nýjan kjarasamning við Þroskaþjálfafélag Íslands þann 8. júlí 2011 og gildi samningurinn frá 1. maí 2011. Í samræmi við ákvæði lagana og grein 1.5.3 í kjarasamningi bar sveitarfélögum að ákveða forstöðumönnum sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum og gildir slíkur samningur frá gildistíma kjarasamningsins, þ.e. frá 1. maí 2011.

Fundi slitið kl. 15:00